

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi.

#### 1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróar-gjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 5. gr. samþykktar um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi.

#### 2. gr.

Gjald fyrir hreinsun rotþróa fyrir árið 2013 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr. 13.200 pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr. 14.900 pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr. 18.200 pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 3.600 pr./m <sup>3</sup>

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé minni en 50 metrar.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða aukalega kr. 5.500 á hverja losun.

Ofangreind gjöld miðast við byggingarvísítölum sem var 114,9 stig í nóvember 2012 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir byggingarvísítölum í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2014.

#### 3. gr.

Seyra er losuð á þriggja ára fresti. Fyrir aukulosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

#### 4. gr.

Gjalddagi og innheimta rotþróargjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld skv. gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og var samþykkt í hreppsnefnd Húnavatnshrepps 31. október 2012, til að taka gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1309/2011.

*Húnavatnshreppi, 31. október 2012.*

**Jens P. Jensen** sveitarstjóri.